

Númer: 27/2018

Dreifibréf til fjármálatækja

b.t. framkvæmdastjóra og stjórnarformanns

Reykjavík, 28. maí 2018

Tilvísun: 2018040011

Efni: Viðmiðunarreglur EBA um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja og sameiginlegar viðmiðunarreglur EBA/ESMA um mat á hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna fjármálafyrirtækja.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (European Banking Authority, EBA) hefur gefið út nokkurn fjölda viðmiðunarreglna (*e. guidelines*) og tilmæla (*e. recommendations*) sem varða starfsemi fjármálafyrirtækja og byggja á CRD IV regluverkinu. Tilgangur viðmiðunarreglna og tilmæla EBA er að koma á samræmdri, árangursríkri og skilvirkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálaeftirlitskerfisins og að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf um fjármálaþjónustu innan Evrópska efnahagssvæðisins. Viðmiðunarreglurnar eru nánari útfærsla á ákvæðum tilskipana og reglugerða sem innleiddar hafa verið hér á landi, t.a.m. með setningu laga nr. 57/2015 og laga nr. 96/2016, um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, svo og setningu reglugerðar nr. 233/2017, um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja.

Með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði öðluðust svonefndar ESAs reglugerðir gildi hér á landi, þ.e. reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093 - 1095/2010 um að koma á fót evrópsku eftirlitsstofnununum EBA, ESMA og EIOPA. Í 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 um að koma á fót Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er fjallað um viðmiðunarreglur og almenn tilmæli eftirlitsstofnunarinnar. Í 3. mgr. 16. gr. segir að lögbær yfirvöld og fjármálastofnanir skuli leita allra leiða til að fara að þessum viðmiðunarreglum og almennum tilmælum.

Viðmiðunarreglur EBA, auk annarra viðmiðunarreglna evrópsku eftirlitsstofnananna, munu í kjölfar gildistöku laga nr. 24/2017 ekki verða teknar upp í leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins, nema sérstök ástæða þyki til. Fjármálaeftirlitið mun þess í stað birta á heimasíðu sinni dreifibréf þetta og slóð á enskar útgáfur viðmiðunarreglnanna. Fjármálaeftirlitið mun styðjast við viðmiðunarreglur EBA við eftirlitsframkvæmd, þar með talið vegna könnunar- og matsferlis stofnunarinnar (SREP), auk þess sem Fjármálaeftirlitið mun reglulega annast kynningar á efni viðmiðunarreglna evrópsku eftirlitsstofnananna.

Viðmiðunarreglur EBA um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja og sameiginlegar viðmiðunarreglur EBA/ESMA um mat á hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna fjármálafyrirtækja útfæra og skýra nánar hvað felst í ákvæðum 52. gr., 52. gr. a, 54. gr., 54. gr. a og 78. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Við mat á því hvort fjármálafyrirtæki uppfylli kröfur og skilyrði ákvæðanna mun Fjármálaeftirlitið styðjast við viðmiðunarreglurnar. Hið sama

á við um kröfur og skilyrði sem sett eru fram í stjórnvaldsfyrirmælum með stoð í þeim, t.a.m. reglum um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja, nr. 150/2017.

Fjármálaeftirlitið beinir því til fjármálafyrirtækja að kynna sér viðmiðunarreglur EBA og ESMA á heimasíðu eftirlitsins og taka mið af þeim í starfsemi sinni. Fjármálaeftirlitið vekur þó á því athygli að stofnunin mun ekki beita hluta VIII (e. Title VIII) í sameiginlegum viðmiðunarreglum EBA/ESMA um mat á hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna fjármálafyrirtækja, er varðar mat Fjármálaeftirlitsins á hæfi lykilstarfsmanna kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja, fyrr en að undangengnu mati á þörf fyrir breytingar á ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Komist Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að um brot á lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum sé að ræða gerir Fjármálaeftirlitið kröfu um úrbætur, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.


Viðmiðunarreglurnar munu öðlast gildi innan EES þann 30. júní nk. Þær eru aðgengilegar hér:

- Viðmiðunarreglur EBA um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja
<https://www.eba.europa.eu/regulation-and-policy/internal-governance/guidelines-on-internal-governance-revised->
- Viðmiðunarreglur EBA og ESMA um mat á hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna fjármálafyrirtækja
<https://www.eba.europa.eu/regulation-and-policy/internal-governance/joint-esma-and-eba-guidelines-on-the-assessment-of-the-suitability-of-members-of-the-management-body>


Fjármálaeftirlitið mun kynna viðmiðunarreglurnar nk. haust og verður kynningin nánar auglýst síðar.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



Finnur Sveinbjörnsson



Hrafnhildur S. Mooney